

Foreldraráð Núps 2012-2013

Fundur 1, haldin á Núpi þann 11.10.2012.

Mættar: Eyrún María Rúnarsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Oddný Anna Björnsdóttir, Rebekka Gylfadóttir og Svana Kristinsdóttir.

1. Svana Kristinsdóttir, leikskólastjóri, kynnir nýjar starfsreglur foreldraráðs sem foreldraráð Núps 2011-2012 setti fram á sl. tímabili. Reglurnar eru skýrar um hlutverk og störf ráðsins.
2. Oddný Anna Björnsdóttir foreldri í í foreldraráði Núps 2011-2012 fer yfir helstu verkefni ráðsins á sl. tímabili, þ.a.m. gerð núverandi starfsreglna, fyrirspurnir um áherslur og hollustu varðandi matargerð í eldhúsi leikskólans og hvernig foreldrar hafi möguleika á að koma athugasemdum til ráðsins með upplýsingakössum í andyrum leikskólans sem hafi gefist nokkuð vel. Hún sagði einnig frá vinnulagi ráðsins á sl. tímabili. Nýir fulltrúar með ýmsar spurningar um hvaða málaflokkar hafi verið teknir fyrir eða ættu að vera teknir fyrir s.s öryggismál, aðstaða starfsmanna og nemenda, hvort eitthvað vanti t.d. fleiri áhöld eða leiktæki í salinn.
3. Skv. reglum foreldraráðsins þá var kosin nýr formaður þar sem Eyrún María Rúnarsdóttir gaf kost á sér, næst kosin ritari þar sem Hlín Bjarnadóttir gaf kost á sér, þær munu sinna þessum embættum á komandi tímabili, einnig skipa nú ráðið Ásdís Ýr Ólafsdóttir foreldri, Svana Kristinsdóttir leikskólastjóri, Rebekka Gylfadsóttir leikskólakennari og Sigríður Ögmundsdóttir leiðbeinandi.
4. Ræddar leiðir til að foreldrar geti komið upplýsingum eða ábendingum til foreldraráðsins og ákveðið að kassar í andyrum skulu notaðir áfram sem og foreldrum velkomið að senda inn erindi og hugmyndir að verkefnum við hæfi t.d. varðandi skólastarfið, tengsl við foreldra og öryggisþætti.
5. Foreldraráðið mun funda fyrstu viku, annan hvern mánuð út starfsárið og oftast ef þurfa þykir. Heimaverkefni er umsögn um starfsáætlun Núps 2012-2013 sem þarf að skila helst innan viku. Næsti fundur áætlaður 4. desember nk.

Fundinn ritaði fyrir hönd foreldraráðs,

Hlín Bjarnadóttir.